



Borgarráð

Tillaga um hækkun launa kjörinna fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur

Lagt er til að laun borgarfulltrúa hækki um 2,5% þann 1. júlí nk. í stað 7,88% skv. þróun launavísitölu frá nóv. 2022 til maí 2023. Borgarstjóri mun einnig óska eftir sömu breytingum á sínum launum. Tillagan felur í sér að grunnlaun borgarfulltrúa hækka úr 963.647 kr. í 987.738 kr. eða 24.091 kr. á mánuði utan launatengdra gjalda í stað hækkunar um 76.000 kr. Álagsgreiðslur og starfskostnaður hækki um hlutfallslega með sama hætti. Breytingin taki gildi frá og með 1. júlí 2023.

Greinargerð:

Laun borgarfulltrúa taka breytingum tvisvar á ári skv. ákvörðun borgarstjórnar, þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert og miðast hækkunin við þróun launavísitölu skv. Samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 13. september 2019 (síðast uppfært 02. september 2022). Vísitala launa hefur hækkað frá nóvember til maí sl. um 7,88%. Vegna efnahagsaðstæðna er lagt til að hækkun á launum kjörinna fulltrúa verði minni en samþykktir borgarstjórnar gera ráð fyrir. Að jafnaði hækka laun kjörinna aðalfulltrúa í borgarstjórn á bilinu 24.091 kr. til 42.160 kr. þegar álagsgreiðslur hafa verið teknar með. Starfskostnaður hækkar um 1.740 kr. og verður 71.334 kr. Samanlögð kostnaðaráhrif á árinu 2023 eru áætluð 7 m.kr. m.v. tímabilið júlí til desember í stað 22,1 m.kr. ef tekið er mið að þróun launavísitölu. Þess má geta að borgarstjórn þáði ekki hækkun skv. úrskurði kjararáðs nr. 2016.3.001 og samþykkti í framhaldinu breytingar þess eðlis að tekin var upp tenging við launavísitölu til þess að endurspegla betur almenna launaþróun. Borgarstjóri mun óska eftir sömu breytingu á sínum launum.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri